

# Erindisbréf umhverfisnefndar Seyðisfjarðar

## 1. Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir bæjarstjórn.

Nefndin starfar á umhverfissviði. Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefndarinnar: Embætti byggingafulltrúa, vinnuskóli, áhaldahús, úrgangsmál og móttökustöð. Nefndin fer með málefni fjallskilanefndar skv. fjallskilasamþykkt Múlasýslna.

## 2. Skipan nefndarinnar

Í umhverfisnefnd eiga sæti fimm fulltrúar og jafnmargir til vara sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar. Skipulags- og byggingarfulltrúi starfar með nefndinni. Hann undirbýr og situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann, en nefndin kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

## 3. Hlutverk og verkefni nefndarinnar

Meginhlutverk umhverfisnefndar er stefnumótun og tillögugerð fyrir málaflokka á sviði nefndarinnar sem og eftirlit með að starfsemi kaupstaðarins á því sviði sé í samræmi við lög, reglur, samþykktir, áætlanir og gjaldskrár samþykktum af bæjarstjórn þar að lútandi.

Nefndin fer með eftirfarandi verkefni og/eða málaflokka:

- Skipulagsmál, samkvæmt 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Mannvirkjamál, samkvæmt 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Hreinlætis- og úrgangsmál
- Umferðarmál, samkvæmt 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
- Fjallskil samkvæmt ákvæðum laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.
- Náttúruvernd, skv. 11. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.
- Gróðurvernd, skv. 19 gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965
- Umhverfismál.
- Minka-, refa- og meindýraeyðingu.

Helstu hlutverk eru:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í málaflokkum á sviði nefndarinnar.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið og úrbætur í málaflokkum á sviði nefndarinnar.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í málaflokkum á sviði nefndarinnar nái fram að ganga.
- að starfa með skipulags- og byggingarfulltrúa að verkefnum sem undir hann heyra og eru á sviði nefndarinnar samanber samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar

Umhverfisnefnd hefur umsjón og eftirlit með þeim stofnunum sem undir hana heyra.

Nefndin hefur umsjón með vinnu fjárhags- og starfsáætlana stofnana og deilda sem starfa

á sviði nefndarinnar í samræmi við stefnu og samþykktir bæjarstjórnar. Nefndin fær úthlutað fjárhagsrömmum vegna starfsemi sem er á hennar sviði. Tillögur um breytingar á starfsemi, þjónustu og gjaldskrá eða öðru sem lýtur að breytingum á rekstri þarf að gera grein fyrir með rökstuðningi. Formaður nefndarinnar kynnir bæjarráði starfs- og fjárhagsáætlanir á sviði nefndarinnar.

Bæjarstjórn og eða bæjarráð geta að auki falið nefndinni afmörkuð skilgreind verkefni sem tengjast verksvið hennar.

Hafi nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Þær ályktanir öðlast því gildi með staðfestingu bæjarstjórnar.

#### **4. Starfshættir**

Um starfshætti nefndarinnar skal fylgja samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar þar sem það á við.

Umhverfisnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, að öllu jöfnu einu sinni í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi, að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Nefndin skal halda gerðabók sbr. 38.gr. samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerðum kemur formaður nefndarinnar til skrifstofustjóra sem hefur umsjón með ritvinnslu hennar.

Formaður nefndarinnar sér um boðun funda í samráði við skrifstofustjóra. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar í samræmi við samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

#### **5. Eftirfylgni**

Formaður og aðrir fulltrúar skulu snúa sér til bæjarstjóra og eftir atvikum byggingarfulltrúa með eftirfylgni staðfesta samþykkt nefndarinnar. Formaður og aðrir fulltrúar skulu virða valdmörk og verkaskiptingu í stjórnkerfi kaupstaðarins. Þeim er ekki heimilt að hlutast til um daglegan rekstur né hafa þeir boðvald yfir starfsfólki kaupstaðarins.

#### **6. Starfsmannamál**

Nefndin vinnur eftir starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu og eftir reglum um mannráðningar hjá Seyðisfjarðarkaupstað.

## **7. Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og þeim lögum og reglugerðum sem undir starfsvið hennar heyrir, sérstaklega þó lögum um skipulagsmál, mannvirkjamál, umferðarmál, hreinlætis og úrgangsmál, umhverfismál, fjallskil, landgræðslu, náttúruvernd og sem gilda hverju sinni. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

## **8. Málsmeðferðarreglur**

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að sveitarstjórnarlögum og stjórnsýslulögum. Óski aðili máls eftir rökstuðningi eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska eftir endurupptöku með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

## **9. Gildistaka.**

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar þann 13. ágúst 2014 með vísan til 46. gr. samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og tekur þegar gildi.